

**393. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðar
haldinn Miðtún 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 10. desember 2008 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir

Dagskrá:

1. 0812005F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 21

Fundargerðin samþykkt samhljóða

2. 0811053 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð stjórnar 7. nóv og ályktun fundar

Til máls tóku EIS, BGG, GÓ, fundargerðin staðfest

3. 0812036 - Stígamót. Fjárbæiðni fyrir árið 2009

Til máls tóku: EIS, BGG, Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

4. 0812035 - Yrkjusjóður. Bréf sem barst 8. desember 2008

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, GÓ, BG. Ákveðið að vísa erindinu til skólanefndar. Samþykkt samhljóða.

5. 0812032 - Umsókn um kattahald. Hjálmar Benediktsson

Til máls tóku: EIS, BGG, BG, GÓ, BB. Samþykkt samhljóða.

6. 0812031 - Umsókn um kattahald. Sif Karlsdóttir

Samþykkt samhljóða.

7. 0812008 - Snorraverkefnið. Stuðningur sumarið 2009

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, BG, GÓ. Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

8. 0811088 - Húsaleigusamningar Tálknafjarðarhrepps. Ákvæði um breytingar á leigufjárhæð.

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, GÓ, BG. Ákvörðun hreppsnefndar: Húsaleiga taki breytingum miðað við byggingavísitölu 1. janúar hvers árs, við uppreikning miðað við 1. jan. 2009 verði reiknað út frá þeirri byggingavísitölu sem gildi 1. okt. 2008. Samþykkt samhljóða.

9. 0811092 - Ungliðadeildin Vestri, Patreksfirði. Klifurveggur í Íþróttahúsi

Til máls tóku: EIS, BGG, BG, BB, GÓ. Framtakinu er fagnað og ákveðið að bjóða deildinni ókeypis afnot af veggnum hér á staðnum þar til hægt verður að festa kaupa á vegg fyrir deildina á Patreksfirði. Samþykkt samhljóða.

10. 0811062 - Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum. Bréf barst 17. nóvember

Erindinu vísað til félagsmálaráðs. Samþykkt samhljóða.

11. 0811030 - Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008

Til máls tóku: EIS, BGG, BG, BB, GÓ. Oddviti fór yfir helstu breytingar til hækkunar og lækkunar og leggur til að endurskoðuð fjárhagsáætlun verði samþykkt. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 Samþykkt samhljóða.

12. 0812037 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009. Fyrri umræða

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, BG, GÓ.

Álagningarstofnar 2009:

Fasteignagjöld : A : Íbúðarhúsnæði 0,5% af heildar fasteignamati

B : Opinbert húsnæði, skv. lögum þar um.

C : Atvinnuhúsnæði 1.65% af heildar fasteignamati

Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega vegna álagningar fasteignagjalda ársins 2009 verður háttáð þannig að 0.5% af fasteignamati vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota verður fellt niður hjá þeim sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu.

Lóðarleiga :

A : Íbúðarhúsalóðir 1% af fasteignamati lóðar.

B og C : Lóðir vegna atvinnurekstar 3% af fasteignamati lóðar.

Holræsagjald : 0,20 % af heildar fasteignamati.

Vatnsgjald : 0,36 % af heildar fasteignamati.

Samþykkt samhljóða.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Tálknafjarðarhreppi :

a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði sorphreinsigjald kr. 9.000.- á íbúð

sorpeyðingargjald kr. 10.000.- á íbúð

sorphirðugjöld alls kr. 19.000.-

Þeir húsráðendur sem flokka lífrænan úrgang frá heimilissorpi fá lækkun af sorpeyðingargjaldi sem nemur kr. 3.000.- á ári.

b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar
Flokkur Sorpeyðingargjald kr.

- 1 15.700.-
- 2 42.400.-
- 3 63.600.-
- 4 111.000.-
- 5 159.000.-
- 6 233.000.-
- 7 12 kr./kg

Gjaldskrá fyrir sorphirðu samþykkt: EIS, BG, GÓ.
BGG og BB sátu hjá.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 vísað til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

13. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti lagði fram bréf frá "grænu nefndinni" vegna svæðis fyrir kofabyggingar ofl. og var erindinu vísað til bygginganefndar til umsagnar. Oddviti upplýsti að sótt hefði verið um endurgreiðslu á VSK vegna búnaðarkaupa fyrir slökkviliðið. Einnig var lagður fram samningur við Securitas vegna brunavarnakerfis í íþróttahúsi.

14. 0812017 - Alþingi. Afrit bréfa frá Sturlu Böðvarssyni til ráðherra í kjölfarið af þingmannafundinum 23. október

Til kynningar.

15. 0812016 - Menntamálaráðuneytið. Úttekt listfræðslu á Íslandi

Til kynningar.

16. 0812013 - Þjóðskrá. Íbúaskrá 2008

Til kynningar.

17. 0812011 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Vatnsveita Tálknafjarðar

Til kynningar.

18. 0811077 - Náttúrustofa Vestfjarða. Ársreikningur

Til kynningar.

19. 0811069 - Íþrótt- og ólympíusamband Íslands

Til kynningar.

20. 0811068 - Verkalýðsfélag Vestfirðinga. Bréf dagsett 5. nóvember

Til kynningar.

21. 0811067 - Vinnumálastofnun. Bréf dagsett 29. október

Til kynningar.

22. 0811052 - Jöfnunarsjóður. Aukaframlag 2008

Til kynningar.

23. 0811051 - Jöfnunarsjóður. Tekjujöfnunarframlag 2008. Bréf dagsett 6. nóvember

Til kynningar.

24. 0811050 - Sturla Böðvarsson. 3 bréf dagsett 5. nóvember.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____